

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

905. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 17. maí 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg aðalmaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir aðalmaður og Elín R. Líndal aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Afgreiðslur:

1. **Rekstrarstjóri framkvæmdasviðs Skúli Húnn Hilmarsson** mætir til fundar við byggðarráð. Farið yfir helstu verkefni sviðsins s.s. undirbúning hitaveituf framkvæmda ásamt viðhaldi og mælaskiptum, ljósleiðaravæðingu, viðhaldi og breytingum í grunnskóla, íþróttamiðstöð, útrás ofl.
2. **Fulltrúar Reykjahöfða ehf.** Reimar Marteinsson og Kári Bragason mæta til fundar við byggðarráð vegna fyrirhugaðrar byggingar farfuglaheimils við Norðurbraut. Þar sem framkvæmdir við byggingarnar geta ekki hafist fyrir en skipulagsferli er lokið, þá óska þeir eftir bráðabirgðalóð undir vinnubúðir fyrir starfsmenn sláturhúss nk. haust. Byggðarráð samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að vinna áfram að málinu.
3. **1605051 Lögð fram til kynningar bréf frá Félagi stjórnenda leikskóla** annars vegar dags 28. apríl sl. þar sem bent er á skyldur sveitarfélaga skv. kjarasamningum til að hafa aðstoðarleikskólastjóra við hvern leikskóla og hins vegar bréf dags 26. apríl sl. þar sem vakín er athygli á 11. gr. laga um leikskóla frá 1994 um starf leikskólafulltrúa og 21.-23. grein um skipulag sérfræðipjónustu.
4. **1605052 Lagt fram bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 2. maí sl.** þar sem óskað er eftir að sveitarfélög tilnefni tengilið vegna vinnu við landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Byggðarráð samþykkir að tilnefna sveitarstjóra sem tengilið Húnaþings vestra.
5. **Fundargerðir:**
 - 1605053** Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Hafnasambands Íslands frá 29. apríl sl.
 - 1605001** Lögð fram til kynningar fundargerð Farskólans frá vorfundi 11. maí sl.

6. **1605054 Lagt fram til kynningar uppsagnarbréf Vilhjálms Péturssonar við** Grunnskóla Húnaþings vestra. Bygðarráð þakkar Vilhjálmi fyrir vel unnin störf fyrir grunnskólann.
7. **Sveitarstjóri tilkynnti að Esther Hermannsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs** hafi sagt starfi sínu lausu og óski eftir, vegna persónulegra aðstæðna að ljúka störfum um miðjan júní nk. Bygðarráð fellst á óskir Estherar um starfslok og óskar henni velfarnaður í nýju starfi og jafnframt fyrir vel unnin störf fyrir Húnaþing vestra.
8. **1605050 Lagt fram bréf frá Sigfríði Gunnlaugsdóttur og Sveini A. Reynissyni f.h. eiganda Litlu-Hlíðar dags 6. maí sl.** um smölun heimalands Litlu- Hlíðar og girðingar milli Litlu-Hlíðar og afréttarins Öxnatungu. Fara bréfritarar fram á að að felldur verði niður reikningur sem gerður var vegna smölunar fjallskilanevndar á heimalandi jarðarinnar sl. haust. Jafnframt fara þau fram á að fallið verði frá kröfu um haustsmölun heimalands Litlu-Hlíðar og að smölun heimalands verði felld undir félagslega framkvæmd fjallskila, að öðrum kosti fara þau fram á að sveitarfélagið girði afréttinn Öxnatungu fjárheldri girðingu til móts við eiganda Litlu-Hlíðar. Bygðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu þessa erindis.
9. **1605058 Húnasjóður. Endurskoðun á úthlutunarreglum.** Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs að koma með tillögu að reglum.
10. **1605004 Lagt fram bréf ungmennaráðs dags. 28. apríl sl.** þar sem ráðið óskar eftir að fá að nýta kr. 30.000 af því fjármagni sem það hefur til ráðstöfunar til að styrkja fyrirlestur um heilbrigðan lífsstíl , hreyfingu og mataræði sem haldinn verður í íþróttamiðstöðinni. Bygðarráð samþykkir beiðnina.
11. **1605057 Árshlutauppgjör janúar-mars 2016.** Lagt fram til kynningar yfirlit yfir stöðu fjárhagsbókhalds fyrstu 3 mánuði ársins og samanburður við fjárhagsáætlun sama tímabils. Rekstur er almennt í samræmi við áætlun ársins.
12. **1604065 Tekið til umræðu bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits sem frestað var á síðasta fundi bygðarráðs.** Bygðarráð Húnaþings vestra fagnar þeim hugmyndum að flytja eigi aftur verkefni til heilbrigðisnefnda sem hafa farið frá sveitarfélögunum á síðust árum. Í því felst tækifæri hjá stjórnvöldum að flytja fjármuni og verkefni út á land og efla þessar stofnanir með því að fela þeim fleiri verkefni á sviði umhverfismála. Bygðarráð leggst alfarið gegn hugmyndum um stækkun eftirlitssvæða. Umdæmi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra er nú þegar mjög víðfeðmt. Ef eftirlitssvæðin verða látin ná yfir mikið stærra svæði er hætt á að slíkar breytingar skerði þjónustu og að ákvarðanatöku verði fjarlæg gagnvart fyrirtækjum og almannahagsmunum. Ákvarðanir eru nú í höndum þeirra sem til þekkja. Núverandi fyrirkomulag hefur reynst vel á svæðinu og góð sátt og samvinna meðal sveitarfélaganna um verkefnið. Almennt er góð samvinna á milli heilbrigðiseftirlitssvæða á landinu öllu þó vissulega megi í einhverjum tilfellum samræma verklag. Bygðarráð leggst alfarið gegn breytingu á stækkun starfssvæða og treystir á að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gæti hagsmuna sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra í þessum eignum

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Fundi slitið kl:16:56

Unnur Valborg Hilmarsdóttir

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir